

Alþingi
Erindi nr. B 140/2678
komudagur 23. 5. 2012

Frá forsætisráðuneytinu
Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

22. maí 2012

Minnisblað

Efni: Vegna umfjöllunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis – þingskjal 101 – 101. mál á 140. löggjafarþingi.

Á fundi í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, þriðjudaginn 22. maí 2012, voru fulltrúar forsætisráðuneytisins beðnir að meta sparnað fyrir Stjórnarráðið sem felst í fækkun ráðherra ein og kunnugt er hefur þeim þegar verið fækkað á þessu kjörtímabili úr 12 í 9 og til stendur að fækka þeim í 8 áður en kjörtímabilið er úti.

Beinn launakostnaður ráðuneyta vegna eins ráðherra er 6,9 m.kr. (laun og launatengd gjöld). Fækkun um fjóra ráðherra er því beinn sparnaður á launagjöldum sem nemur 27,6 m.kr. á ári miðað við núverandi launaforsendur. Annar kostnaður s.s. vegna síma, skrifstofuhúsnæðis og skrifstofubúnaðar, öryggiskostnaðar, ferðalaga innanlands og erlendis, bílstjóra og reksturs á bifreið, ráðgjafar, ritara og skrifstofuþjónustu er eðli málsins samkvæmt ekki sérgreindur eða tilgreindur vegna ráðherra sérstaklega í rekstri aðalskrifstofa ráðuneytanna heldur telst slíkur kostnaður til rekstrargjalda viðkomandi ráðuneytis. Forsætisráðuneytið treystir sér því ekki til að setja fram tölur í því efni á þeim stutta tíma sem gefinn er. Það gefur hins vegar auga leið að þegar einn ráðherra kemur í stað tveggja í ráðuneytum, sem sameinast, sparast önnur útgjöld t.d. ýmiss konar afleiddur kostnaður, s.s. vegna bifreiðamála og ferðalaga svo fátt eitt sé nefnt.

Athuga þyrfti í þessu sambandi að við þá sameiningu ráðuneyta sem átt hefur sér stað á þessu kjörtímabili hefur stefnan verið sú, líkt og áður, að segja ekki upp starfsfólki. Ljóst er að til lengri tíma litið mun sameining ráðuneyta gefa aukin færi til lækkunar rekstrarkostnaðar þar sem stærri einingar eiga auðveldara með að ná fjárhagslegri hagræðingu en minni einingar.

Að því er varðar önnur möguleg kostnaðaráhrif er enn erfiðara að setja fram tölur. Þannig má benda á að með nýjum Stjórnarráðslögum nr. 115/2011, 22. gr., var heimilað að fjölga aðstoðarmönnum ráðherra úr 1 í 2 fyrir hvern ráðherra auk 3 til viðbótar samkvæmt sérstakri ákvörðun ríkisstjórnar. Núverandi ríkisstjórn hefur þó ekki nýtt þessa heimild til fulls og eru aðstoðarmenn nú 13 talsins. Þá er ekki heldur sjálfgefið að ráðuneytisstjórum fækki þótt ráðherrum fækki, sbr. ákvæði laga nr. 115/2011, 3. mgr. 4. gr., um að fela megi ráðherra að fara með fleiri en eitt ráðuneyti. Í raun mun þó þetta tvennt haldast í hendur á þessu kjörtímabili.

Að því er annan kostnað ráðuneyta varðar má fullyrða að fækkun ráðherra ein og sér hefur þar lítil teljandi áhrif, því verkefni sem sinna þarf eru fyrir hendi eftir sem áður.